

## Þjónusta félagsþjónustunnar er m.a.

- *Félagsleg ráðgjöf, m.a. vegna*
  - uppeldismála og málefna barna og unglinga
  - málefna fatlaðs fólks
  - málefna aldraðra
  - hjónaskilnaða og sambúðarslita
  - áfengis- og vímuefnavanda
  - skertrar færni og virkni
- *Félagslegar leiguíbúðir*
- *Húsaleigubætur*
- *Sérstakar húsaleigubætur*
- *Fjárhagsaðstoð*
- *Félagsleg heimaþjónusta*
- *Heimsending mata*
- *Ferðaþjónusta fatlaðra*
- *Félagsleg liðveisla*

Hægt er að sækja um leiguhúsnaði Brynju hússjóðs Öryrkjabandalagsins hjá félagsþjónustunni.

### Hægt er að sækja um örorkumat við 18 ára aldur

Sótt eru um mat í samráði við lækni sem fyllir út sérstakt vottorð um örorkumat og sendir læknisfræðilegri ráðgjöf Tryggingastofnunar. Umsækjandi fyllir út umsóknareyðublað Tryggingastofnunar um örorkulífeyri og sendir læknisfræðilegri ráðgjöf Tryggingastofnunar, Laugavegi 114, 105 Reykjavík.

## Áhugaverðir tenglar

### Réttindagæslumaður fatlaðs fólks á Suðurlandi

Sigrún Jensey Sigurðardóttir, s. 858 2142,  
[sigrun@rett.vel.is](mailto:sigrun@rett.vel.is)

### Selurinn, fræðslu- og tómstundastarf fatlaðra

Hægt er að fá frekar upplýsingar hjá Sighvati og Sólveigu í síma 892-9700

**Íþróttafélagið Suðri** heldur úti fjölbreyttu íþróttastarfi fyrir fatlaða [www.sudri.is](http://www.sudri.is)

### Ungmennahúsið—Pakkhúsið, Austurvegi 2b

fyrir ungt fólk á aldrinum 16 til 25 ára þar sem ýmislegt má finna sér að gera í frístundum. Nánari upplýsingar [www.pakkhusid.is](http://www.pakkhusid.is) og á [facebook](https://www.facebook.com/pakkhusid)

**Klúbburinn STRÓKUR** er fyrir fólks með geðraskanir [www.strokur.wordpress.com](http://www.strokur.wordpress.com)

**Fjölmennt** er símenntunarmiðstöð sem skipuleggur námskeið fyrir fatlað fólk, 20 ára og eldra [www.netmennt.com](http://www.netmennt.com)

**Stígamót** eru ráðgjafar- og stuðningsmiðstöð fyrir bæði konur og karla sem hafa verið beitt hvers kyns kynferðis- ofbeldi [www.stigamot.is](http://www.stigamot.is)

**Þroskahjálp** eru samtök sem berjast fyrir réttindum fatlaðs fólks.— [www.throskahjalp.is](http://www.throskahjalp.is)

**Átak** er félag fólks með þroskahömlun. Félagið gætir hagsmuna félagsmanna sinna og vinnur að skemmtilegum verkefnum sem bæta lífskjör. Sjá nánar á [facebook](https://www.facebook.com/atak)

**TMF Tölvumiðstöð** er sjálfstæð stofnun þar sem boðið er upp á ráðgjöf, fræðslu og námskeið á sviði upplýsingatækni. [www.tmt.is](http://www.tmt.is)

**Talgervlar í tölvum** eru fyrir þá sem sannanlega geta ekki lesið. Forritð les upp allan texta sem er skrifaður eða birtist í tölvu. Forritin Ivona Reader vinna enn sem komið er best á PC tölvum. Nánari upplýsingar hjá Blindrafélaginu [www.blinda.is](http://www.blinda.is)



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

## ÞJÓNUSTA VIÐ FÓLK MEÐ FÖTLUN 18 ÁRA OG ELÐRI

Fatlað fólk nýtur allrar almennrar þjónustu sem Sveitarfélagið Árborg veitir. Auk þess er í boði ýmis sértæk þjónusta í samræmi við lög um mál- efni fatlaðs fólks sem miðar að því að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og skapa því skilyrði til að lifa eðlilegu lífi.

Ráðgjöf og stuðningsþjónusta við fatlað fólk og aðstandendur byggja á mannréttindum fatlaðs fólks og hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf.

Til að geta sótt um sérhæfða stoðþjónustu þarf einstaklingur að vera með fötlunargreiningu samkvæmt 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum og að eiga lögheimili í Árborg.



Félagsþjónusta Árborgar  
Austurvegi 2, 800 Selfoss  
Sími: 480-1900

## RÁÐGJÖF

# STOÐÞJÓNUSTA BYGGÐ Á LÖGUM UM MÁLEFNI FATLAÐRA NR. 59/1992 MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM

Leitast er við að eiga gott samstarf við einstaklinga og lögð er áhersla á að veita upplýsingar um réttindi og þjónustu sem á við hverju sinni.

Þjónustan felur m.a. í sér :

Að veita stuðning og ráðleggingar er varða stuðning á heimili, menntun, félagsþátttöku, virkni og atvinnu.

Samstarf um samþættingu á þjónustu sem fatlað fólk þarfnast á hverjum tíma.

Samstarf og stuðning á samráðs- og þjónustufundum ef óskað er.

Að meta stuðningsþörf í samvinnu vegna sérhæfðrar stuðningsþjónustu.

Aðstoð við gerð þjónustuáætlunar ef óskað er eftir.

### Styrkir til náms og verkfæra- og tækjakaupa fyrir fatlað fólk

Þjónustusvæði Suðurlands í málefnum fatlaðs fólks auglýsir í lok ágúst ár hvert eftir umsækjendum um styrkina. Markmið styrkjanna er að auðvelda fötluðu fólki að afla sér þekkingar og reynslu til að auka færni sína svo þeir megi verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Styrkjum er úthlutað einu sinni á ári og taka úthlutanir mið af fjárhagsáætlun og fjölda umsókna hverju sinni.

### Sérstakur stuðningur (frekari liðveisla) við fatlað fólk á heimili sínu

er veittur þegar niðurstöður mats á stuðningsþörf einstaklingsins, sem er orðinn 18 ára og ekki í búsetu með sólarhringsaðstoð, eru þær að þörf sé á öðrum og víðtækari stuðningi en þeim sem veittur er af félagslegri heimaþjónustu og félagslegri liðveislu Sérstakur stuðningur felur í sér persónulega aðstoð í daglegu lífi eftir þörfum hvers og eins.

### Búseta með sólarhringsþjónustu

er veitt þegar niðurstöður mats á stuðningsþörf sýna að þörf er á sólarhringsþjónustu. Fjögur heimili með sólarhringsþjónustu eru á þjónustusvæði málefna fatlaðra á Suðurlandi. Tvö á Selfossi, eitt í Hveragerði og eitt í Þorlákshöfn. Sækja má um þjónustuna við 16 ára aldur en umsókn telst ekki gild fyrir en við 18 ára aldur.

### Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Sveitarfélagið Árborg tekur þátt í tilraunverkefni um NPA sem þjónustuform sem byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf, að fatlað fólk geti með persónulegri aðstoð valið hvernig þjónustunni er háttað. Þeir sem geta sótt um NPA eru þeir sem þurfa á daglegri aðstoð að halda eða njóta hennar nú þegar, að lágmarki 20 klukkustundir á viku.

### Hæfing, starfsþjálfun og aðstoð við atvinnuleit

Á vinnu- og hæfingarstöð VISS að Gagnheiði 39 er lögð áhersla á að skapa atvinnutækifæri fyrir þá sem búa við fötlun og veita starfsþjálfun og hæfingu með það að markmiði að efla starfsfærni viðkomandi. Á það við hvort sem einstaklingur stefnir á almennan vinnumarkað seinna meir eða áframhaldandi starf á Viss.

Atvinnufulltrúi fatlaðs fólks hefur einnig aðsetur þar og aðstoðar m.a. við atvinnuleit, veitir stuðning á nýjum vinnustöðum, bæði einstaklingnum og fyrirtækinu.

### Skammtíamavistunin Álftaríma 2

Hlutverk skammtíamavistunarinnar er að að létta álagi af fjölskyldum og vera afþreying og tilbreyting fatlaðra barna, ungmenna og fullorðinna sem búa í heimahúsum. Markmið skammtíamavistunarinnar er að auka lífsgæði og sjálfstæði þeirra sem þar dvelja. Lögð er áhersla á eflingu athafna daglegs lífs og félagsfærni

### Ferðaðþjónusta

Ferðaðþjónusta fatlaðs fólks er ætlað að gera þeim, sem ekki geta ferðast sjálfir vegna fötlunar sinnar, kleift að stunda atvinnu, nám fara í sjúkrahjálfun, tómstundir og aðra sértæka þjónustu

### Félagsleg liðveisla

Er persónulegur stuðningur og aðstoð sem einkum miðar að því að draga úr félagslegri einangrun og styrkja fólk til þátttöku í menningar- og félagslífi.